



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 4. mars 2011

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 3. mars eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breytingar eru ská- og feitletraðar.

Núgildandi grein 9.2.

9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu og skal tilgreina kennitölu þeirra og liðstjórnar, sbr. þó grein 9.4.

Ný grein 9.2.

9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, **1. deild karla**, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu og skal tilgreina kennitölu þeirra og liðstjórnar, sbr. þó grein 9.4.

Greinargerð:

Breytingin er gerð í samræmi við samþykkt 65. ársþings KSÍ og felur í sér að nú er heimilt að vera með allt að 7 varamenn í 1. deild karla.

Breytingin tekur þegar gildi.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.
Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ